



Viðstaddir

17.11.2022

Páll B. Guðmundsson

PBG SSH

15239

Ásthildur Helgadóttir

ÁH Kópavogi

Fundarritari

Andrés B. Andreassen

ABA ÍTR

EKS / einar@vso.is

Guðmundur Sverrisson

GS Hafnarfirði

Magnús Árnason

MÁ Skíðasvæðin

Þorvaldur Daníelsson

ÞD Form Skíðasvæðanna

Ómar Einarsson

ÓE ÍTR

Einar K. Stefánsson

EKS VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

Rósa Steingrimsdóttir

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur föstudaginn 17.11.2022 kl. 09:00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 28.10.2022 samþykkt.

2 Salerni Suðursvæði

Salernin eru uppsett á svæðinu og unnið að tengingum og frágangi.

3 Lyftur Bláfjöll*Lyftur. Gosi/Drottning*

Gosi er fullfrágenginn að frátalinni uppsetningu hurða. Lokaúttekt byggingafulltrúa og Vinnueftirlits verður gerð að því loknu - áætlað í lok nóv eða byrjun des.

Drottning er að mestu fullfrágengin. Unnið er að frágangi klæðningar á botnstöð og ólokið uppsetningu hurða. Lokaúttekt byggingafulltrúa og Vinnueftirlits verður gerð að því loknu - áætlað í byrjun des.

Drottning verður líklega formlega afhent í janúar 2023 í stað lok október. Í minnisblaði PBG sem lagt var fyrir stjórn SSH var gerð grein fyrir forsendum fyrir flýtingu á greiðslum. Á fundinum var verkefnahópnum falið að fara yfir málið og finna því farveg. EKS hefur nú gert tillögu að uppgjöri (greiðsluáætlun) við Doppelmayr, þar sem greiðslum er flýtt eins og unnt er, byggt á neðangreindum forsendum:

- Heildargreiðslur 2022, 2023 og 2024 verði ávallt innan heimilda í fjárfestingaráætlun SSH.
 - Nýttur verði gengisávinningur og annar slaki í framkvæmdum ársins 2022 og gerður viðbótarreikningur frá Doppelmayr til að fylla upp í fullar fjárheimildir 2022.
 - Reikningar í greiðsluáætlun samnings sem dreifast yfir allt árið 2023 komi til greiðslu strax við afhendingu Drottningar.
 - Rifi Drottningar og tengdum verkefnum (72 m.kr) frestað frá 2023 til 2024 o.fl., þ.a. unnt verður að greiða 50% af áætlaðri lokagreiðslu í janúar 2024 strax við afhendingu Drottningar.
- ⇒ Verkefnishópur samþykkir að EKS leggi tillöguna fyrir Doppelmayr til skoðunar/samþykktar.

Hliðarverkefni

Landmótun er lokið. Girðingum að mestu lokið – allir stólpar komnir niður og unnið við lokaáfangi klæðingar. Lýsing er enn í vinnslu og nokkuð í land.

4 Gönguskíðasvæði Bláfjöll

Snjótroðari (52 m.kr) kominn til landsins. Unnið er að öðrum verkefnum og verður umfang þeirra stillt af innan fjárheimilda (alls 100 m.kr)

5 Skálafell

Byggt á forhönnun Doppelmayer, vann VSÓ Ráðgjöf jarðtæknirannsókn í vikunni þar sem teknar voru prufuholur við botnstöð, toppstöð og í masturstæðum.

MÁ og PBG áttu fund með fulltrúum Vegagerðarinnar í liðinni viku um endurbyggingu aðkomuvegar. Vg mun afla upplýsinga um fyrri áætlanir og kostnað. Í framhaldi mun PBG senda inn formlegt erindi til Vegagerðarinnar.

Skv. Veðurstofu Íslands er óveruleg/engin snjóflóðahætta á skíðasvæðinu í Skálafelli. Veðurstofan mun vinna frekari greiningar – þá aðallega að skilgreina ástreymisprýsting á möstur, sem þarf að setja inn í útboðsgögn lyftunnar.

VSÓ hefur sett í gang vinnu við umsókn um framkvæmdaleyfi frá Reykjavíkurborg vegna Skálafells. Stefnt að því að leyfið taki til allra fyrirhugaðra framkvæmda þ.m.t. innviðaverkefna, lyfta og snjóframleiðslu. Framkvæmdir þurfa að hefjast innan árs frá útgáfu leyfis.

6 Snjóframleiðsla 1 áfangi

Verksamningur borunar er í vinnslu. Enn vantar verkabyrgð verktaka.

Með heimild frá síðasta fundi SSH sendi Innkaupaskrifstofa Rvk út tilkynningu á útboðsvefinn þann 16.11.22 um töku tilboðs TechnoAlpin í snjóframleiðslukerfin. Í því felst að kominn er á bindandi samningur. Kærufrestur er 10 dagar og að honum liðnum mun EKS senda TA sniðmát verkabyrgðar, tillögu að verksamningi o.fl.

Stefnt er að því að fá fulltrúa TA til landsins í desember til hönnunarfundar og undirskriftar verksamnings. Samhliða verður óskað eftir kynningu á snjóframleiðslukerfinu fyrir verkefnishóp.

7 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun hefur verið uppfærð m.t.t. breyttrar greiðsluáætlunar - sjá lið 3.

8 Næsti fundur

Ákveðinn síðar.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn